

## Vátryggingaskilmálar nr. 11

### Skyldutrygging ökutækja

#### A. ÁBYRGÐARTRYGGING ÖKUTÆKJA

##### 1. Vátryggingin, félagið og fleira.

- 1.1 Vátryggingarsamningurinn innifelur ökutækjetryggingar eins og vátryggingartaki hefur valið og eru nánar tilgreindar í vátryggingarskírteini.
- 1.2 Tryggingafélagið sem vátrygginguna veitir er Tryggingamiðstöðin hf., hér eftir ásamt Elísabetu nefnt félagið.
- 1.3 Skilmálar þessir gilda um þær lögboðnu ökutækjetryggingar sem skráðar eru hjá Elísabetu. Vátrygging hjá Elísabetu gildir eingöngu um ökutæki til einkanota.
- 1.4 Elísabet er vörumerki og sá vettvangur Tryggingamiðstöðvarinnar sem heldur utan um og annast öll samskipti milli vátryggingartaka og félagsins, þ.m.t. ( þar með talið) á Internetinu eða með tölvupósti.
- 1.5 Vátryggingartaki er vátryggður, svo og hver sá sem með samþykki hans notar ökutækið eða ekur því.
- 1.6 Sé ökutækið selt er hinn nýi eigandi vátryggður í 14 daga eftir eigendaskipti, enda hafi hann ekki keypt aðra vátryggingu vegna ökutækisins.
- 1.7 Sé vátryggingartaki annar en skráður eigandi ökutækis eða hefur ekki varanleg umráð þess skal hann upplýsa Elísabetu með tölvupósti um skráðan eiganda eða þann sem hefur varanleg umráð ökutækisins.
- 1.8 Í umsókn um vátrygginguna gefur vátryggingartaki upp netfang sem hann staðfestir og samþykkir að sé virk og rétt boðleið fyrir Elísabetu varðandi nauðsynlegar tilkynningar vegna vátryggingarinnar, svo sem tilkynningar um greiðslu iðgjalda, breytingar á iðgjöldum og skilmálum, vanskil, endurnýjun skírteina og niðurfellingu vátryggingar. Vátryggingartaka er skylt að tilkynna Elísabetu um breytingar á uppgefnu netfangi í gegnum netfangið [elisabet@elisabet.is](mailto:elisabet@elisabet.is). Það er á ábyrgð vátryggingartaka að netfangið sé rétt skráð við umsókn eða breytingu, netfangið sé virkt, netfangið sé vátryggingartaka aðgengilegt og það geti tekið á móti tölvupósti hverju sinni.
- 1.9 Vátryggingartaki skal senda Elísabetu á netfangið [elisabet@elisabet.is](mailto:elisabet@elisabet.is) allar upplýsingar eða tilkynningar er varða vátrygginguna, svo sem breytt heimilisfang, breytingar á áhættunni og uppsögn.
- 1.10 Ef vátryggingartaki á þess ekki kost að koma tilkynningum til Elísabetar með tölvupósti, t.d. vegna bilunar í búnaði eða lokunar símalínu, skal hann koma tilkynningum til félagsins með öðrum tryggilegum hætti.

## Vátryggingaskilmálar nr. 11

### Skyldutrygging ökutækja

#### 2. Gildissvið vátryggingarinnar.

- 2.1 Vátryggingin nær til sérhverrar skaðabótakröfu sem vátryggingartaka er skylt sem eiganda hins vátryggða ökutækis að vátryggja gegn skv. (samkvæmt) núgildandi íslenskum umferðarlögum vegna tjóns er hlýst af notkun ökutækisins.

#### 3. Skemmdir á eigin ökutæki.

- 3.1 Vátryggingin tekur ekki til skemmda á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum vátryggingartaka eða vátryggðs. Þó bætir vátryggingin skemmdir á eigin ökutæki af völdum annars eigin ökutækis.

#### 4. Greiðsluskylda félagsins.

- 4.1 Greiðsluskylda félagsins vegna hvers vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð þá sem tilgreind er í vátryggingarskírteininu eða lögboðna vátryggingarfjárhæð hvort sem hærra er.

#### 5. Akstur erlendis.

- 5.1 Vátryggingin gildir um notkun ökutækisins á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig gildir vátryggingin í Sviss. Vátryggingartaki skal leysa til sín alþjóðlegt vátryggingarkort fyrir ökutæki („Græna kortið“) vegna aksturs erlendis í þeim ríkjum sem aðild eiga að slíku korti áður en ökutækið er flutt frá Íslandi. Gildistími vátryggingarinnar erlendis er í allt að 90 daga frá þeim degi talið sem ökutækið er flutt frá Íslandi.

#### 6. Endurkrafa.

- 6.1 Félagið getur endurkrafið vátryggingartaka og/eða ökumann hafi félagið vegna ákvæða umferðarlaga eða reglugerðar greitt bætur fyrir tjón, sem vátryggður á ekki rétt á vátryggingarvernd gegn, þegar:
- tjóni hefur verið valdið sökum þess að ökumaður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því er um ræðir eða misst réttindi til að aka því,
  - tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, svo sem ef vátryggður hefur vegna undanfarandi neyslu áfengis eða örvandi eða deyfandi lyfja ekki getað stjórnað ökutækinu örugglega eða verið óhæfur til þess, samanber ákvæði umferðarlaga,
  - veittar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um notkun ökutækis þannig að Elísabet hefur ekki átt þess kost að krefjast iðgjalds í samræmi við áhættuna samkvæmt gjaldskrá sinni,

## Vátryggingaskilmálar nr. 11

### Skyldutrygging ökutækja

- d. liðnir eru 14 dagar frá eigendaskiptum, sbr. (samanber) gr. (grein) 20.1 í skilmálunum,
- e. vátrygging hefur fallið úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi eða vegna uppsagnar.

#### 7. Útleiga án ökumanns.

- 7.1 Félagið á endurkröfurétt á hendur vátryggðum vegna tjóns sem hlýst, þegar ökutækið er leigt án ökumanns andstætt ákvæðum laga um bílaleigur nr. (númer) 64/2000. Sýni vátryggður fram á að orsök tjóns, eða hversu víðtækt tjón er, verði ekki rakið til brots á fyrirmælum laga þessara, á félagið þó ekki endurkröfu.

#### 8. Aðsetursskipti, breytingar á ökutæki og notkun þess og aukin áhætta.

- 8.1 Vátryggingartaki skal tilkynna Elísabetu tafarlaust ef hann flytur búferlum. Hið sama gildir um hvern þann sem er skráður eigandi ökutækis eða hefur varanleg umráð þess sé hann ekki vátryggingartaki.
- 8.2 Vátryggður skal tilkynna allar breytingar á ökutækinu eða notkun þess er haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni, svo sem notkun sérstakra tækja og búnaðar eða þátttöku í aksturskeppni. Sams konar tilkynningu skal vátryggður einnig senda, ef ökutækið er notað til annars aksturs en getið er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Láti vátryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu leysist félagið úr ábyrgð skv. reglum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

#### 9. Akstursíþróttir og -keppni.

- 9.1 Almennt iðgjald miðast við að ökutækið sé ekki notað í neins konar akstursíþróttum eða aksturskeppni. Elísabetu er heimilt að krefjast viðbótariðgjalds samkvæmt gjaldskrá sinni, ef nota á ökutækið í akstursíþróttum, við aksturskeppni eða æfingar fyrir slíka keppni. Viðbótariðgjaldið miðast við einn keppnis- eða æfingadag nema annað sé sérstaklega tekið fram. Viðbótariðgjald vegna hinnar auknu áhættu skal greiða að fullu fyrirfram eða samið um greiðslu þess áður en áhættan verður virk nema um annað sé sérstaklega samið. Ábyrgð félagsins lækkar hlutfallslega gagnvart vátryggðum hafi hann látið hjá líða að greiða viðbótariðgjaldið.

#### 10. Ástand ökutækis.

- 10.1 Vátryggðum er skylt að gæta þess að ökutæki sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega ber honum að sjá um að öryggistæki þess, svo sem stýris-, hemla-, merkja- og ljósabúnaður, séu í lagi og virki örugglega. Vanræksla í þessu efni getur valdið skerðingu eða missi vátryggingarverndar eftir lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## Vátryggingaskilmálar nr. 11

### Skyldutrygging ökutækja

#### 11. Umferðarlög og lög um vátryggingarsamninga.

11.1 Ákvæði skilmála þessara skerða ekki að neinu leyti þann endurkröfurétt sem félagið á eða kann að eignast skv. almennum réttarreglum, umferðarlögum nr. 50/1987 eða lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

#### 12. Skyldur vátryggðs er tjón verður.

12.1 Jafnskjótt og vátryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð og ætla má að vátryggingin nái til hennar ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.

12.2 Ekki má vátryggður viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bótakröfu án samþykkis félagsins nema vátryggður hafi aðeins gert það sem honum var skylt lögum samkvæmt, er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti hennar. Er vátryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hætta er á því að hann muni að höndum bera ber vátryggðum að reyna af fremsta megni að afstýra tjóninu eða draga úr því.

12.3 Vanræksla á skyldum vátryggðs skv. 1. og 2. mgr. (málgrein) getur valdið skerðingu eða missi vátryggingarverndar eftir lögum um vátryggingarsamninga.

#### 13. Tjónsuppgjör og kostnaður við það.

13.1 Er bótakrafa kemur fram á því sviði sem vátryggingin nær til á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir félagið, en þó ekki hærrí en svarar til hlutfalls vátryggingarfjárhæðarinnar af höfuðstól skaðabótanna.

#### 14. Réttur til að greiða tjónpola bætur.

14.1 Félagið hefur rétt til að greiða bætur beint til þriðja manns (tjónpola). Komi fram skaðabótakrafa getur félagið, á hvaða stigi málsins sem er, fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða vátryggingarfjárhæðina og áfallna vexti og kostnað sem svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

#### 15. Eigin áhætta.

15.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu, ef þess er getið í skírteini eða iðgjaldskvittun. Krafa Elísabetar er greidd með skuldfærslu af kreditkortinu sem

## Vátryggingaskilmálar nr. 11

### Skyldutrygging ökutækja

notað er til að greiða vátrygginguna jafnskjótt og félagið hefur innt af hendi bráðabirgða- eða fullnaðargreiðslu vegna tjónsins.

#### 16. Gildistími vátryggingarinnar.

- 16.1 Vátryggingin tekur gildi þann dag sem tilgreindur er í vátryggingarskírteininu skv. vátryggingarbeiðninni. Ef vátryggingarskírteini hefur ekki verið gefið út gengur vátryggingin í gildi þegar Elísabet hefur fengið vátryggingarbeiðnina í hendur nema öðruvísi sé um samið. Sé ekki um annað samið gildir vátryggingin til næsta gjalddaga kl. (klukkan) 00.00.
- 16.2 Vátryggingartímabil Elísabetar er einn mánuður í senn. Við hverja endurnýjun framlengist það um einn mánuð.

#### 17. Iðgjaldsákvörðun og iðgjaldsálag.

- 17.1 Iðgjald fyrir vátryggingu þessa er reiknað eftir iðgjaldaskrá Elísabetar. Elísabet áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, verðlagsþróun og öðrum orsökum sem raska bótagrundvellingnum.
- 17.2 Greiði félagið bætur vegna þess ökutækis sem vátryggingarsamningur tekur til skal greiða sérstakt iðgjaldsálag (svokallað óhappagjald) skv. iðgjaldaskrá og nánar er tilgreint í skírteini eða iðgjaldskvittun. Iðgjaldsálagið fellur í gjalddaga um leið og félagið hefur greitt bætur vegna tjóns sem að lágmarki nemur álaginu. Er Elísabetu þá heimilt að gjaldfæra iðgjaldsálagið á kreditkortið sem notað er til að greiða vátrygginguna.
- 17.3 Valdi vátryggður 3 bótaskyldum tjónum á 5 árum er Elísabetu heimilt að tvöfalda iðgjald vátryggðs.

#### 18. Greiðsla iðgjalds og niðurfelling vátryggingar vegna vanskila.

- 18.1 Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þegar ábyrgð Elísabetar hefst, sbr. gr. 16.1. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Ef til vanskila kemur sendir Elísabet með tölvupósti tilkynningu til vátryggingartaka með áskorun um greiðslu iðgjaldsins eins og nánar greinir í 2. og 3. mgr.
- 18.2 Iðgjald fyrir fyrsta vátryggingartímabilið skal greiða innan viku eftir móttöku áskorunarinnar. Sé iðgjaldið ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur má fella trygginguna strax úr gildi.
- 18.3 Síðari iðgjöld skulu greidd fyrsta dag endurnýjunartímabils með skuldfærslu á greiðslukort, sbr. gr. 18.4. Sé iðgjaldið ekki greitt innan mánaðar er

## Vátryggingaskilmálar nr. 11

### Skyldutrygging ökutækja

vátryggingartaka send með tölvupósti sérstök aðvörun þar sem greiðslu er krafist. Vátryggingin fellur úr gildi sé iðgjaldið enn ógreitt þegar þrír mánuðir eru liðnir frá fyrsta ógreidda gjalddaga.

- 18.4 Iðgjald trygginga er einungis greitt með kreditkorti hjá Elísabetu. Hafi viðskiptavinur bílatryggingu og bílalán eða bílasamning hjá Elísabetu, er iðgjaldið þó að jafnaði innheimt með greiðsluseðli ásamt afborgun af láni eða samningnum.
- 18.5 Hafi vátryggingartaki ekki greitt iðgjaldið að fullu eða samið sérstaklega við Elísabetu um greiðslu þess telst það vera ógreitt þegar greiðslufresti skv. 2. og 3. mgr. lýkur.
- 18.6 Falli vátrygging niður skv. 2. eða 3. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi.
- 18.7 Iðgjöld eru lögtakskræf skv. heimild í umferðarlögum.

### 19. Áhrif þess að vátrygging fellur úr gildi vegna vanskila.

- 19.1 Falli vátrygging úr gildi skv. gr. 18.2 eða 18.3 tilkynnir félagið það til Umferðarstofu skv. ákvæðum reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar. Ber þá lögreglustjóra skv. þeirri reglugerð að hlutast til um að skráningarmarki séu tafarlaust tekin af ökutækinu.

### 20. Sala ökutækis og afskráning.

- 20.1 Vátryggingartaka ber að tilkynna Elísabetu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt, enda gildir vátryggingin ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum, sbr. gr. 1.6.
- 20.2 Sé ökutækið selt eða afskráð endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af vátryggingartímabilinu, enda hafi ný trygging verið keypt fyrir ökutækið við eigendaskipti. Ef um endurkröfu vegna eigendaskipta er að ræða skv. d. lið gr. 6.1 í skilmálunum endurgreiðir félagið seljanda hlutfallslega iðgjald frá tjónsdegi.

### 21. Innistaða skráningarnúmers.

- 21.1 Hafi ökutækið eigi verið í notkun og skráningarnúmer þess verið í vörslu Umferðarstofu eða þess sem hefur umboð hennar í a.m.k. (að minnsta kosti) 30 daga samfleytt endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið.

## Vátryggingaskilmálar nr. 11

### Skyldutrygging ökutækja

#### 22. Uppsagnarréttur félagsins.

- 22.1 Félagið hefur heimild til að segja vátryggingarsamningi upp ef vátryggingartaki hefur ítrekað stórlega vanrækt skyldur sínar gagnvart félaginu. Segi félagið upp vátryggingarsamningi skv. þessu ákvæði skal uppsagnarfrestur vera tveir mánuðir nema lög um vátryggingarsamninga heimili skemmri frest. Skal félagið senda vátryggingartaka tilkynningu um uppsögnina með tölvupósti og gera honum grein fyrir ástæðum og afleiðingum uppsagnarinnar.
- 22.2 Að liðnum uppsagnarfresti skv. 1. mgr. skal félagið tilkynna Umferðarstofu um að vátryggingin sé fallin úr gildi. Félagið ber þó áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að Umferðarstofa fékk tilkynningu þessa, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið keypt.

#### 23. Breytingar á vátryggingarskilmálum.

- 23.1 Ef Elísabet gerir aðrar breytingar á vátryggingarskilmálum og/eða iðgjaldagrundvelli en þær sem falla undir gr. 17.1 í skilmálum þessum, skal Elísabet tilkynna vátryggingartaka með tölvupósti sérstaklega um þessar breytingar í samræmi við ákvæði laga um vátryggingarsamninga.

#### 24. Ágreiningur.

- 24.1 Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum eftir íslenskum lögum.
- 24.2 Ágreiningi sem rís vegna vátryggingarsamningsins má vísa til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna eða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndir þessar og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu.

#### 25. Heimili og varnarþing.

- 25.1 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa kunna vegna vátryggingarsamnings sem skilmálar þessir gilda um skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 17. júlí 2008.

## Vátryggingaskilmálar nr. 11

### Skyldutrygging ökutækja

#### **B. SLYSATRYGGING ÖKUMANNS OG EIGANDA SEM FARÞEGA**

##### **1. Lög um vátryggingarsamninga.**

- 1.1 Um vátrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum vátryggingarsamnings.

##### **2. Gildissvið vátryggingarinnar og vátryggingarfjárhæð.**

- 2.1 Félagið greiðir bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis, sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum.
- 2.2 Vátryggingarfjárhæð er skv. umferðarlögum og breytist árlega eftir ákvörðun ráðherra.

##### **3. Farþegi í eigin ökutæki.**

- 3.1 Félagið greiðir einnig bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem vátryggingartaki verður fyrir sem farþegi í eigin ökutæki. Vátryggingarfjárhæð er á hverjum tíma sú sama og í gr. 2.2.

##### **4. Akstur erlendis.**

- 4.1 Vátryggingin gildir um notkun ökutækisins á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig gildir vátryggingin í Sviss. Vátryggingartaki skal leysa til sín alþjóðlegt vátryggingarkort fyrir ökutæki („Græna kortið“) vegna aksturs erlendis í þeim ríkjum sem aðild eiga að slíku korti áður en ökutækið er flutt frá Íslandi. Gildistími vátryggingarinnar erlendis er í allt að 90 daga frá þeim degi talið sem ökutækið er flutt frá Íslandi.

##### **5. Ákvörðun bóta.**

- 5.1 Um ákvörðun bóta fer eftir almennum reglum íslensks skaðabótaréttar.

##### **6. Frádráttur skaðabóta.**

- 6.1 Bætur úr þessari slysatryggingu dragast frá skaðabótum sem tjónþoli kann að eiga vegna slyssins eftir umferðarlögum eða öðrum skaðabótareglum.



## Vátryggingaskilmálar nr. 11

### Skyldutrygging ökutækja

#### 7. Undanskildar áhættur.

- 7.1 Félagið bætir ekki tjón sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppbots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama á við um tjón af völdum kjarnorku, geislunar eða geislavirkra efna, svo og tjón er stafa af eldgosum, jarðskjálfta, skriðfalli, snjóflóði eða öðrum náttúruhamförum.

#### 8. Missir réttar til bóta.

- 8.1 Réttur til vátryggingarbóta getur fallið niður samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga ef vátryggingartaki eða vátryggður vanrækir skyldur sínar gagnvart félaginu, til dæmis ef hann veldur tjóni með því að aka án þess að hafa ökuréttindi eða veldur tjóni af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi, svo sem ef hann ekur undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna.

#### 9. Akstursíþróttir og -keppni.

- 9.1 Almennt iðgjald miðast við að ökutækið sé ekki notað í neins konar akstursíþróttum eða aksturskeppni. Elísabetu er heimilt að krefjast viðbótariðgjalds samkvæmt gjaldskrá sinni, ef nota á ökutækið í akstursíþróttum, við aksturskeppni eða æfingar fyrir slíka keppni. Viðbótariðgjaldið miðast við einn keppnis- eða æfingadag nema annað sé sérstaklega tekið fram. Viðbótariðgjald vegna hinnar auknu áhættu skal greiða að fullu fyrirfram eða samið um greiðslu þess áður en áhættan verður virk nema um annað sé sérstaklega samið. Ábyrgð félagsins lækkar hlutfallslega gagnvart vátryggðum hafi hann látið hjá líða að greiða viðbótariðgjaldið.

#### 10. Sala ökutækis og afskráning.

- 10.1 Vátryggingartaka ber að tilkynna Elísabetu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt, en vátryggingin gildir ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum, enda hafi ekki verið keypt önnur vátrygging vegna ökutækisins.

#### 11. Iðgjaldsákvörðun og iðgjaldsálag.

- 11.1 Greiði félagið bætur vegna þess ökutækis sem vátryggingarsamningur tekur til skal greiða sérstakt iðgjaldsálag (svokallað óhappagjald) skv. iðgjaldaskrá og nánar er tilgreint í skírteini eða iðgjaldskvittun. Iðgjaldsálagið fellur í gjalddaga um leið og félagið hefur greitt bætur vegna tjóns sem að lágmarki nemur álaginu.
- 11.2 Verði tjónareynsla Elísabetar vegna vátryggðs ökutækis mjög slæm er félaginu heimilt að ákvarða iðgjaldið sérstaklega eins og nánar greinir í iðgjaldaskrá.

## Vátryggingaskilmálar nr. 11

### Skyldutrygging ökutækja

#### 12. Tilvísun í skilmála.

- 12.1 Að öðru leyti vísast til skilmála félagsins fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja eftir því sem við á, þ. á m. (þar á meðal) varðandi greiðslu iðgjalds og áhrif þess sé það ekki greitt.

**Skilmálar þessir gilda frá 17. júlí 2008.**